

**Subject:** Re: Fundur um verklagsreglur Þjóðminjasafns Íslands  
**From:** Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson <vilhjalmur@mailme.dk>  
**Date:** 28-01-2013 12:30  
**To:** Fornleifafræðingafélag Íslands <fornleifafraedingafelagid@gmail.com>

Kæru félagar,

Hér eru athugasemdir mínar við drög að *Leiðbeiningum um umhirðu forngrípa*, sem dagsett er á Þjóðminjasafni í nóvember 2012:

Mér finnst mjög stuttur tími til stefnu, ef afhenda á Þjóðminjasafninu athugasemdir í síðasta lagi 1. febrúar 2013. Ég leyfi mér því í vinsemd að lýsa undrun minni yfir því að fá þetta skjal fyrst nú, nokkrum dögum áður en félagið ætlað að álykta um það.

Mér finnst þessar leiðbeiningar ágætar, en varast ber of margar endurtekningar og auglýsingar og meðmæli fyrir ákveðnum vörum hjá ákveðnum fyrirtækjum. Það stangast á við lög.

**Ég hef eina athugasemd:** Það hefur gerst á Íslandi, að fornt gangsilfur hefur fundist óáfallið í jörðu. Þetta gerðist á Miðhúsum árið 1980. Þá setti Þjóðminjavörður gripina, einn merkasta fund gangsilfurs frá söguöld sem fundist hefur á Íslandi, ofan í plastpoka og niður í skjalatösku sína og afhenti Þjóðminjasafninu til varðveislu. Forvarsla var ekki nauðsynleg fyrir utan að einhver hverfandi lítil jarðvegur var burstaður af - en þó ekki svo mikið, að er sjóðurinn var rannsakaður í Kaupmannahöfn árið 1995, fundust jarðvegsleifar í sprungum. Þá hafði enn ekki fallið á silfrið að neinu ráði síðan það fannst 14 árum áður.

**Mér finnst þess vegna vanta, og krefst reyndar, leiðbeininga um hvað gera skal ef maður finnur hreinan og óáfallinn silfursjóð/silfurgrip í jörðu eins og gerst hefur á Íslandi.** Slíkir fundir/forngrípirljóta að þurfa einhverja forvörslu. Ekki má telja alls endis útilokað að slíkir forngripir finnst aftur.

Nú kemur mér einnig í hug er ég bláeygur og blautur á bak við eyrun afhenti járngrípi, sem fundust við rannsóknir á Stöng í Þjórsárdal árið 1984. Þeir voru afhentir á Þjóðminjasafni Íslands strax eftir rannsóknina þá um sumarið. Mér hafði verið lofuð forvarsla á gripunum á safninu. Þegar ég kom til starfa á Þjóðminjasafni Íslands árið 1993, voru þeir allir undir skemmdum. Ekkert hafði verið gert. Forvörðurinn sem ætlaði að sjá um verkið er í dag forstöðumaður Minjaverndar Ríkisins. Eru einhverjar reglur um slíkt - einhver viðurlög við því ef fornleifar eyðileggjast á Þjóðminjasafni Íslands?

Hvað varðar **eyðublað yfir afhenta gripa og sýni** þykir mér það til sóma, en hafði búist við einhverju öðru en Excellskrá. Í þessu sambandi leyfi ég mér vinsamlegast að benda á, að sýni sem Þjóðminjasafnið lét taka af jarðvegi á Miðhúsum árið 1994 eru nú týnd - ekki til - og ekki skráð inn í safnið. Getum við, fornleifafræðingar fullvissað okkur um, að Þjóðminjasafnið varðveiti það sem afhent er til safnsins?

baráttukveðjur,

Dr. Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, fornleifafræðingur

Danmörku

Den 26-01-2013 18:07, Fornleifafræðingafélag Íslands skrev:

Kæru félagar

Fundur verður haldinn um verklagsreglur Þjóðminjasafns Íslands vegna skila á gripum og sýnum úr fornleifarannsóknum **á Fornleifafræðistofunni Ægisgötu 10 kl. 20 þriðjudagskvöldið 29. janúar**. Félagið þarf að skila sinni umsögn um málið 1. febrúar.

Þeir sem ekki hafa tök á að koma á fundinn eru hvattir til að senda sínar athugasemdir í tölvupósti á [fornleifafraedingafelagid@gmail.com](mailto:fornleifafraedingafelagid@gmail.com).

Reglurnar geta haft nokkur áhrif á starfsumhverfi fornleifafræðinga og nú er tækifæri til að hafa áhrif á þær.

Heppilegast er að fólk komið með reglurnar og/eða athugasemdir sýnar með sér á pappírs- eða rafrænu formi.

Hér má kynna sér reglurnar og eyðublað vegna skila á forngripum og sýnum:

[Verklagsreglur Þjóðminjasafns forngripir](#)

[Eyðublað forngripir og sýni](#)

Kveðja,

Stjórn FFÍ

--

Fornleifafræðingafélag Íslands (FFÍ)

<http://fornleifafraedingafelagid.wordpress.com/>

<https://www.facebook.com/Fornleifafraedingafelag>